**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/25** **2021/EES/7/30**

**frá 13. janúar 2020**

**um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 ([2]) er fastsett að í stað kerfis eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvalda, sem framkvæmdastjórnin viðurkennir á grundvelli 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 til að framkvæma eftirlit og til að gefa út vottorð í þriðju löndum sem veita jafngildar ábyrgðir að því er varðar innflutning á vörum, komi kerfi eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvalda sem framkvæmdastjórnin viðurkennir að því er varðar innflutning á vörum sem eru í samræmi við tilskildar kröfur. Nýja innflutningskerfið, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2018/848, kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021. Til að tryggja að nauðsynleg stjórnsýsluleg geta sé fyrir hendi til að unnt sé að viðurkenna eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld tímanlega samkvæmt nýja kerfinu þykir rétt að innleiða lokadagsetningu fyrir móttöku nýrra beiðna um viðurkenningu á eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum að því er varðar jafngildi skv. 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([3]) og færslu slíkra eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvalda á skrána sem er sett fram í IV. viðauka við þá reglugerð. Beiðnir sem tekið er við eftir þann dag skulu ekki teknar til greina.

2) Hægt er að setja vörur, sem eru innfluttar frá þriðja landi, á markað Sambandsins sem lífrænar ef þær falla undir skoðunarvottorð, útgefið af lögbærum yfirvöldum, eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum í viðurkenndu þriðja landi eða af viðurkenndu eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila. Til að tryggja fylgni við ákvæði annarrar undirgreinar 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 843/2007 þar sem krafist er að skoðunarvottorðið fylgi vörunum til athafnasvæðis fyrsta viðtakanda og með það í huga að tryggja rekjanleika innfluttu varanna í dreifingu, þ.m.t. flutningur frá þriðju löndum, ætti að koma skýrt fram að viðeigandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili skuli gefa út skoðunarvottorð þegar sendingin fer frá þriðja landinu sem er útflutningsland eða upprunaland.

3) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007.

4) Japan upplýsti framkvæmdastjórnina um það að lögbært yfirvald þess hefði bætt eftirlitsaðilanum „Akatonbo“ á skrána yfir eftirlitsaðila sem Japan viðurkennir.

5) Lýðveldið Kórea upplýsti framkvæmdastjórnina um það að lögbært yfirvald þess hefði breytt heiti „Neo environmentally-friendly“ og heiti og veffangi „Association for Agricultural Products Equality Evaluation“. Lýðveldið Kórea upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að viðurkenning eftirlitsaðilans „Korea Agricultural Product and Food Certification“ hafi verið afturkölluð.

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 8, 14.1.2020, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

6) Bandaríkin upplýstu framkvæmdastjórnina um það að lögbært yfirvald þeirra hafi bætt sjö eftirlitsaðilum á skrána yfir eftirlitsaðila sem Bandaríkin viðurkenna að því er varðar jafngildi skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, þ.e.a.s. „CERES“, „EcoLOGICA S.A“, „Food Safety S.A.“, „IBD Certifications“, „Istituto per la Certificazione Etica e Ambientale (ICEA)“, „OnMark“ og „Perry Johnson Registrar Food Safety, Inc.“ Bandaríkin óskuðu einnig eftir því að „Global Culture“, „Global Organic Certification Services“, „Stellar Certification Services, Inc.“, „Institute for Marketecology (IMO)“ og „Basin and Range Organics (BARO)“ yrðu fjarlægð af skránni í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

7) Skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

8) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „A CERT European Organization for Certification S.A“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Armeníu, Gana, Kósovós ([4]) Kúveits, Ómans, Perú, Súdans, Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Úsbekistans og Víetnams.

9) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Argencert SA“ um að verða fjarlægt af skránni í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli fenginna upplýsinga komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að fjarlægja þennan eftirlitsaðila af skránni.

10) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Balkan Biocert Skopje“ um að breyta lagalegri stöðu. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að skipta heiti þessa eftirlitsaðila út fyrir „Balkan Biocert Macedonia DOOEL Skopje“.

11) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Başak Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Tic. Ltd“ um að breyta heimilisfanginu.

12) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bioagricert S.r.l.“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, B, D og E til Paragvæs og Úrúgvæs, að því er varðar vöruflokka A, B og D til Bólivíu og Srí Lanka, að því er varðar vöruflokka A, D, og E til Kamerúns og að því er varðar vöruflokka A og D til Fiji.

13) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Biocert International Pvt Ltd“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Afganistans, Bangladess, Bútans, Myanmars (Mjanmars)/Búrma, Egyptalands, Malasíu, Máritíuss, Nepals, Ómans, Pakistans, Filippseyja, Tansaníu, Taílands, Sameinuðu arabísku furstadæmanna og Víetnams að því er varðar vöruflokka A og D, til Beníns, Eþíópíu, Mósambíks, Nígeríu, Katars, Rússlands, Súdans, Tógó, Úganda og Úkraínu að því er varðar vöruflokka A, D og E og til Georgíu að því er varðar vöruflokka D og E og að rýmka viðurkenningu hennar til Srí Lanka að því er varðar vöruflokk E.

14) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bio.inspecta AG“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Montenegrós (Svartfjallalands), Norður-Makedóníu og Serbíu að því er varðar vöruflokka A, B, D, E og F og að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Georgíu, Írans, Kasakstans, Kósovós ([5]), Moldóvu, Rússlands, Tadsíkistans, Úkraínu, Úsbekistans og Víetnams að því er varðar vöruflokka B, E og F, til Armeníu, Líbanons og Tansaníu að því er varðar vöruflokka B og E, til Alsírs og Kirgistans að því er varðar vöruflokk B, til Tyrklands að því er varðar vöruflokka E og F og til Aserbaísjans að því er varðar vöruflokk E.

15) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bureau Veritas Certification France SAS“ um að breyta veffangi og forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að afturkalla viðurkenningu hennar fyrir vöruflokk E að því er varðar Máritíus.

---

([4]) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovós og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósovós

([5]) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovós og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósovós

16) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „CCPB Srl“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Búrkína Fasós, Kamerúns, Kómoreyja og Madagaskars að því er varðar vöruflokka A, C og D og að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Fílabeinsstrandarinnar að því er varðar vöruflokka C og D.

17) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „CERES Certification of Environmental Standards GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Bandaríkjanna að því er varðar vöruflokk C og að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Sameinuðu arabísku furstadæmanna að því er varðar vöruflokk A, til Chiles (Síles) að því er varðar vöruflokk C og til Suður-Afríku að því er varðar vöruflokk F.

18) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „DQS Polska sp. z o.o.“ um að vera fært á skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að viðurkenna þennan eftirlitsaðila fyrir Bosníu og Hersegóvínu, Kína og Madagaskar að því er varðar vöruflokka A, B og D.

19) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecocert SA“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Kúbu, Kúveits og Malavís að því er varðar vöruflokk B, til Serbíu og Zimbabwes að því er varðar vöruflokk E og til Moldóvu að því er varðar vöruflokk F.

20) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „FairCert Certification Services Pvt Ltd“ um að vera fært á skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að viðurkenna þennan eftirlitsaðila fyrir Bútan og Nepal að því er varðar vöruflokka A, B, D og E og fyrir Indland að því er varðar vöruflokka B, D og E.

21) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „IBD Certificações Ltda“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar til Bólivíu og Paragvæs að því er varðar vöruflokka A og D og til Mongólíu að því er varðar vöruflokka A og E.

22) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Seychelles-eyja að því er varðar vöruflokka A og D og til Bandaríkjanna að því er varðar vöruflokk C og að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Armeníu, Georgíu, Tadsíkistans, Úsbekistans og Zambiu að því er varðar vöruflokk B, til Gvatemala að því er varðar vöruflokka C og F og til Dóminíska lýðveldisins, Ekvadors, Hondúrass, Paragvæs, Perús, Serbíu og Tyrklands að því er varðar vöruflokk F.

23) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Mayacert“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Panama og Srí Lanka að því er varðar vöruflokka A og D.

24) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „OneCert International PVT Ltd“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Egyptalands, Jórdaníu, Malasíu og Katars að því er varðar vöruflokka A og D og að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Sameinuðu arabísku furstadæmanna að því er varðar vöruflokk A og til Eþíópíu, Indlands, Mósambíks, Tansaníu og Úganda að því er varðar vöruflokk E.

25) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organización International Agropecuaria“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Kólumbíu að því er varðar vöruflokka A og D og að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Chiles (Síles) og Úrúgvæs að því er varðar vöruflokk E, að undanskildum þeim vörum sem falla þegar undir III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

26) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Servicio de Certificación CAAE S.L.U“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Kólumbíu, Dóminíska lýðveldisins, El Salvadors, Gvatemala, Hondúrass, Níkaragva og Panama að því er varðar vöruflokka A og D.

27) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Suolo e Salute srl“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Egyptalands að því er varðar vöruflokk D.

28) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Tse-Xin Organic Certification Corporation“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Suður-Kóreu að því er varðar vöruflokk A, til Hong Kong og Singapúrs að því er varðar vöruflokk D og til Kambódíu, Indónesíu, Laoss, Malasíu, Myanmars (Mjanmars)/Búrma, Filippseyja, Taílands og Víetnams að því er varðar vöruflokka A og D.

29) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Valsts SIA “Sertifikācijas un testēšanas centrs““ um að breyta lagalegri stöðu. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að skipta heiti þessa eftirlitsaðila út fyrir „SIA “Sertifikācijas un testēšanas centrs“. Að auki hefur framkvæmdastjórnin tekið við og athugað beiðni frá þessum eftirlitsaðila um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Belarúss (Hvíta-Rússlands) að því er varðar vöruflokka B, D, E og F og til Úsbekistans að því er varðar vöruflokka D, E og F og að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Kasakstans, Moldóvu og Tadsíkistans að því er varðar vöruflokka A, B, D, E og F og til Kirgistans að því er varðar vöruflokka A, B, D og E.

30) Á grundvelli málsskjala sem „Agricert — Certificação de Produtos Alimentares lda“ lagði fram var gildissvið viðurkenningarinnar rýmkað til Gíneu að því er varðar vöruflokka A og D með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/39 ([6]). Í þeim málsskjölum óskaði eftirlitsaðilinn þó ranglega eftir rýmkun að því er varðar Gíneu í stað Gínea-Bissaú. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að leiðrétta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það. Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti þessi leiðrétting að gilda frá gildistökudegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/39.

31) Því ætti að breyta og leiðrétta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

32) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1235/2008**

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar að bæta eftirlitsaðilum eða eftirlitsyfirvöldum á skrána, sem kveðið er á um í 10. gr., að fenginni beiðni um slíkt frá fulltrúa viðkomandi eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalda sem byggist á fyrirmynd að umsókn sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilega í samræmi við 2. mgr. 17. gr. Aðeins skal taka tillit til fullgerðra beiðna sem hafa verið lagðar fram fyrir 30. júní 2020 við uppfærslu á skránni.“

2) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„Viðeigandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili skal gefa út skoðunarvottorð áður en sendingin fer frá þriðja landinu sem er útflutningsland eða upprunaland. Viðkomandi lögbært yfirvald aðildarríkis skal árita það og fyrsti viðtakandi fylla það út á grundvelli fyrirmyndarinnar og athugasemdanna í V. viðauka og nota rafræna Traces-kerfið sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/24/EB (*).

(*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/24/EB frá 30. desember 2002 um þróun á samþættu dýraheilbrigðistölvukerfi (Stjtíð. EB L 8, 14.1.2003, bls. 44).“

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/39 frá 10. janúar 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 106).

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

**Leiðrétting á reglugerð (EB) nr. 1235/2008**

Ákvæði IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 eru leiðrétt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda frá og með 31. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í færslunni sem varðar Japan er eftirfarandi línu bætt við:

| | | |
|---|---|---|
| „JP-BIO-038 | Akatonbo | http://www.akatonbo.or.jp/“ |

2) Í færslunni sem varðar **Lýðveldið Kóreu** er 5. lið breytt sem hér segir:

a) Í stað línanna sem varða kenninúmerin KR-ORG-019 og KR-ORG-026 kemur eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| „KR-ORG-019 | Neo environmentally-friendly Certification Center | http://neoefcc.modoo.at |
| KR-ORG-026 | Agricultural Products Quality Service | http://apqs.kr“ |

b) Línan sem varðar kenninúmerið KR-ORG-001 fellur brott.

3) Í færslunni sem varðar **Bandaríkin** er 5. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við:

| | | |
|---|---|---|
| „US-ORG-62 | CERES | http://www.ceres-cert.com/ |
| US-ORG-63 | EcoLOGICA S.A. | http://www.eco-logica.com/ |
| US-ORG-64 | Food Safety S.A. | http://www.foodsafety.com.ar/ |
| US-ORG-65 | IBD Certifications | http://www.ibd.com.br/ |
| US-ORG-66 | Istituto per la Certificazione Etica e Ambientale (ICEA) | http://www.icea.info/ |
| US-ORG-67 | OnMark | http://onmarkcertification.com/ |
| US-ORG-68 | Perry Johnson Registrar Food Safety, Inc. | http://www.pjrfsi.com/“ |

b) Línurnar sem varða kenninúmerin US-ORG-12, US-ORG-14, US-ORG-54, US-ORG-60 og US-ORG-61 falla brott.

*II. VIÐAUKI*

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í færslunni sem varðar „**A CERT European Organization for Certification S.A**“ í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „AE-BIO-171 | Sameinuðu arabísku furstadæmin | x | - | - | x | - | - |
| AM-BIO-171 | Armenía | x | - | - | x | - | - |
| GH-BIO-171 | Gana | x | - | - | x | - | - |
| KW-BIO-171 | Kúveit | x | - | - | x | - | - |
| OM-BIO-171 | Óman | x | - | - | x | - | - |
| PE-BIO-171 | Perú | x | - | - | x | - | - |
| SD-BIO-171 | Súdan | x | - | - | x | - | - |
| UZ-BIO-171 | Úsbekistan | x | - | - | x | - | - |
| VN-BIO-171 | Víetnam | x | - | - | x | - | - |
| XK-BIO-171 | Kósovó (*) | x | - | - | x | - | - |

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovós og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósovós.“

2) Færslan sem varðar „**Argencert SA**“ fellur brott.

3) Í stað heitis eftirlitsaðilans í færslunni sem varðar „**Balkan Biocert Skopje**“ kemur „**Balkan Biocert Macedonia DOOEL Skopje**“.

4) Í stað 1. liðar í færslunni sem varðar „**Başak Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Tic. Ltd**“ kemur eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: Çinarli Mahallesi Şehit Polis Fethi Sekin Cad. No:3/1006 Konak/İZMİR, Turkey.“

5) Í færslunni sem varðar „**Bioagricert S.r.l.**“ í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „BO-BIO-132 | Bólivía | x | x | - | x | - | - |
| CM-BIO-132 | Kamerún | x | - | - | x | x | - |
| FJ-BIO-132 | Fiji | x | - | - | x | - | - |
| LK-BIO-132 | Srí Lanka | x | x | - | x | - | - |
| PY-BIO-132 | Paragvæ | x | x | - | x | x | - |
| UY-BIO-132 | Úrúgvæ | x | x | - | x | x | –“ |

6) Í færslunni sem varðar „**Biocert International Pvt Ltd**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „AE-BIO-177 | Sameinuðu arab-ísku furstadæmin | x | - | - | x | - | - |
| AF-BIO-177 | Afganistan | x | - | - | x | - | - |
| BD-BIO-177 | Bangladess | x | - | - | x | - | - |
| BJ-BIO-177 | Benín | x | - | - | x | x | - |
| BT-BIO-177 | Bútan | x | - | - | x | - | - |
| EG-BIO-177 | Egyptaland | x | - | - | x | - | - |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ET-BIO-177 | Eþíópía | x | - | - | x | x | - |
| GE-BIO-177 | Georgía | - | - | - | x | x | - |
| MM-BIO-177 | Myanmar (Mjanmar)/Búrma | x | - | - | x | - | - |
| MU-BIO-177 | Máritíus | x | - | - | x | - | - |
| MY-BIO-177 | Malasía | x | - | - | x | - | - |
| MZ-BIO-177 | Mósambík | x | - | - | x | x | - |
| NP-BIO-177 | Nepal | x | - | - | x | - | - |
| NG-BIO-177 | Nígería | x | - | - | x | x | - |
| OM-BIO-177 | Óman | x | - | - | x | - | - |
| PH-BIO-177 | Filippseyjar | x | - | - | x | - | - |
| PK-BIO-177 | Pakistan | x | - | - | x | - | - |
| QA-BIO-177 | Katar | x | - | - | x | x | - |
| RU-BIO-177 | Rússland | x | - | - | x | x | - |
| SD-BIO-177 | Súdan | x | - | - | x | x | - |
| TG-BIO-177 | Tógó | x | - | - | x | x | - |
| TH-BIO-177 | Taíland | x | - | - | x | - | - |
| TZ-BIO-177 | Tansanía | x | - | - | x | - | - |
| UA-BIO-177 | Úkraína | x | - | - | x | x | - |
| UG-BIO-177 | Úganda | x | - | - | x | x | - |
| VN-BIO-177 | Víetnam | x | - | - | x | - | –“ |

b) Í stað línunnar sem varðar Srí Lanka kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „LK-BIO-177 | Srí Lanka | x | - | - | x | x | –“ |

7) Í færslunni sem varðar „**Bio.inspecta AG**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „ME-BIO-161 | Montenegró (Svartfjallaland) | x | x | — | x | x | | x |
| MK-BIO-161 | Norður-Makedónía | x | x | — | x | x | | x |
| RS-BIO-161 | Serbía | x | x | — | x | x | | x“ |

b) Í stað línanna sem varða Albaníu, Alsír, Armeníu, Aserbaísjan, Bosníu og Hersegóvínu, Georgíu, Íran, Kasakstan, Kósovó, Kirgistan, Líbanon, Moldóvu, Rússland, Tadsíkistan, Tansaníu, Tyrkland, Úkraínu, Úsbekistan og Víetnam kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „AL-BIO-161 | Albanía | x | x | — | x | x | x |
| AM-BIO-161 | Armenía | x | x | — | x | x | — |
| AZ-BIO-161 | Aserbaísjan | x | | — | x | x | — |
| BA-BIO-161 | Bosnía og Hersegóvína | x | x | — | x | x | x |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DZ-BIO-161 | Alsír | x | x | — | x | — | — |
| GE-BIO-161 | Georgía | x | x | — | x | x | x |
| IR-BIO-161 | Íran | x | x | — | x | x | x |
| KG-BIO-161 | Kirgistan | x | x | — | x | — | — |
| KZ-BIO-161 | Kasakstan | x | x | — | x | x | x |
| LB-BIO-161 | Líbanon | x | x | — | x | x | — |
| MD-BIO-161 | Moldóva | x | x | — | x | x | x |
| RU-BIO-161 | Rússland | x | x | — | x | x | x |
| TJ-BIO-161 | Tadsíkistan | x | x | — | x | x | x |
| TR-BIO-161 | Tyrkland | x | — | — | x | x | x |
| TZ-BIO-161 | Tansanía | x | x | — | x | x | — |
| UA-BIO-161 | Úkraína | x | x | — | x | x | x |
| UZ-BIO-161 | Úsbekistan | x | x | — | x | x | x |
| VN-BIO-161 | Víetnam | x | x | — | x | x | x |
| XK-BIO-161 | Kósovó (*) | x | x | - | x | x | x |

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovós og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósovós.“

8) Færslunni sem varðar „**Bureau Veritas Certification France SAS**“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað veffangsins í 2. lið kemur eftirfarandi: „https://filiereagro.bureauveritas.fr/“.

b) Í stað línunnar sem varðar Máritíus í 3. lið kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „MU-BIO-165 | Máritíus | x | — | — | x | — | —“ |

9) Í færslunni sem varðar „**CCPB Srl**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „BF-BIO-102 | Búrkína Fasó | x | - | x | x | - | - |
| CM-BIO-102 | Kamerún | x | - | x | x | - | - |
| KM-BIO-102 | Kómoreyjar | x | - | x | x | - | - |
| MG-BIO-102 | Madagaskar | x | - | x | x | - | –“ |

b) Í stað línunnar sem varðar Fílabeinsströndina kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „CI-BIO-102 | Fílabeinsströndin | x | - | x | x | - | –“ |

10) Í færslunni sem varðar „**CERES Certification of Environmental Standards GmbH**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línu er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „US-BIO-140 | Bandaríkin | — | — | x | — | — | —“ |

b) Í stað línanna sem varða Chile (Síle), Suður-Afríku og Sameinuðu arabísku furstadæmin kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „AE-BIO-140 | Sameinuðu arabísku furstadæmin | x | — | — | x | — | — |
| CL-BIO-140 | Chile (Síle) | x | x | x | x | — | — |
| ZA-BIO-140 | Suður-Afríka | x | x | — | x | — | x“ |

11) Á eftir færslunni sem varðar „Control Union Certification“ kemur eftirfarandi ný færsla:

„**DQS Polska sp. z o.o.**“

1. Heimilisfang: ul. Domaniewska 45, 02-672 Warszawa, Poland
2. Veffang: www.dqs.pl
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

| Kenninúmer | Þriðja land | Vöruflokkur | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | A | B | C | D | E | F |
| BA-BIO-181 | Bosnía og Hersegóvína | x | x | - | x | - | - |
| CN-BIO-181 | Kína | x | x | - | x | - | - |
| MG-BIO-181 | Madagaskar | x | x | - | x | - | - |

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2021“.

12) Í stað línanna sem varða Kúbu, Kúveit, Malaví, Moldóvu, Serbíu, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Zimbabwe í færslunni sem varðar „**Ecocert SA**“ í 3. lið kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „AE-BIO-154 | Sameinuðu arabísku furstadæmin | x | x | — | x | x | — |
| CU-BIO-154 | Kúba | x | x | — | x | x | — |
| KW-BIO-154 | Kúveit | x | x | — | x | — | — |
| MD-BIO-154 | Moldóva | x | x | — | x | — | x |
| MW-BIO-154 | Malaví | x | x | — | x | — | — |
| RS-BIO-154 | Serbía | x | x | — | x | x | x |
| ZW-BIO-154 | Zimbabwe | x | x | — | x | x | x“ |

13) Á eftir færslunni sem varðar „Ekoagros“ kemur eftirfarandi færsla:

„**FairCert Certification Services Pvt Ltd**“

1. Heimilisfang: C 122, GAURIDHAM COLONY, 451001-KHARGONE, India
2. Veffang: www.faircert.com
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

| Kenninúmer | Þriðja land | Vöruflokkur | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | A | B | C | D | E | F |
| BT-BIO-180 | Bútan | x | x | - | x | x | - |
| IN-BIO-180 | Indland | - | x | - | x | x | - |
| NP-BIO-180 | Nepal | x | x | - | x | x | - |

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2021“.

14) Í færslunni sem varðar „**IBD Certificações Ltda**.“ í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „BO-BIO-122 | Bólivía | x | - | - | x | - | - |
| MN-BIO-122 | Mongólía | x | - | - | - | x | - |
| PY-BIO-122 | Paragvæ | x | - | - | x | - | –“ |

15) Í færslunni sem varðar „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „SC-BIO-141 | Seychelles-eyjar | x | — | — | x | — | — |
| US-BIO-141 | Bandaríkin | — | — | x | — | — | —“ |

b) Í stað línanna sem varða Armeníu, Dóminíska lýðveldið, Ekvador, Georgíu, Gvatemala, Hondúras, Paragvæ, Perú, Serbíu, Tadsíkistan, Tyrkland, Úsbekistan og Zambiu kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „AM-BIO-141 | Armenía | x | x | — | x | — | — |
| DO-BIO-141 | Dóminíska lýðveldið | x | — | — | x | — | x |
| EC-BIO-141 | Ekvador | x | x | x | x | x | x |
| GE-BIO-141 | Georgía | x | x | — | x | x | — |
| GT-BIO-141 | Gvatemala | x | x | x | x | x | x |
| HN-BIO-141 | Hondúras | x | — | — | x | x | x |
| PE-BIO-141 | Perú | x | x | — | x | x | x |
| PY-BIO-141 | Paragvæ | x | x | — | x | x | x |
| RS-BIO-141 | Serbía | x | — | — | x | — | x |
| TJ-BIO-141 | Tadsíkistan | x | x | — | x | — | — |
| TR-BIO-141 | Tyrkland | x | x | — | x | x | x |
| UZ-BIO-141 | Úsbekistan | x | x | — | x | — | — |
| ZM-BIO-141 | Zambia | x | x | — | x | — | —“ |

16) Í færslunni sem varðar „**Mayacert**“ í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „LK-BIO-169 | Srí Lanka | x | - | - | x | - | - |
| PA-BIO-169 | Panama | x | - | - | x | - | –“ |

17) Í færslunni sem varðar „**OneCert International Pvt Ltd**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| EG-BIO-152 | Egyptaland | x | - | - | x | - | - |
| JO-BIO-152 | Jórdanía | x | - | - | x | - | - |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| MY-BIO-152 | Malasía | x | - | - | x | - | - |
| QA-BIO-152 | Katar | x | - | - | x | - | –“ |

b) Í stað línanna sem varða Sameinuðu arabísku furstadæmin, Eþíópíu, Indland, Mósambík, Tansaníu og Úganda kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „AE-BIO-152 | Sameinuðu arabísku furstadæmin | x | - | - | x | - | - |
| ET-BIO-152 | Eþíópía | x | - | - | x | x | - |
| IN-BIO-152 | Indland | - | - | - | x | x | - |
| MZ-BIO-152 | Mósambík | x | - | - | x | x | - |
| TZ-BIO-152 | Tansanía | x | - | - | x | x | - |
| UG-BIO-152 | Úganda | x | - | - | x | x | –“ |

18) Í færslunni sem varðar „**Organización International Agropecuaria**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línu er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „CO-BIO-110 | Kólumbía | x | - | - | x | - | –“ |

b) Í stað línunnar sem varðar Chile (Síle) og Úrúgvæ kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „CL-BIO-110 | Chile (Síle) | x | - | x | x | x | - |
| UY-BIO-110 | Úrúgvæ | x | x | x | x | x | –“ |

19) Í færslunni sem varðar „**Servicio de Certificación CAAE S.L.U**“ í 3. lið er eftirfarandi færslum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „CO-BIO-178 | Kólumbía | x | - | - | x | - | - |
| DO-BIO-178 | Dóminíska lýðveldið | x | - | - | x | - | - |
| GT-BIO-178 | Gvatemala | x | - | - | x | - | - |
| HN-BIO-178 | Hondúras | x | - | - | x | - | - |
| NI-BIO-178 | Níkaragva | x | - | - | x | - | - |
| PA-BIO-178 | Panama | x | - | - | x | - | - |
| SV-BIO-178 | El Salvador | x | - | - | x | - | –“ |

20) Í stað línunnar sem varðar Egyptaland í færslunni sem varðar „**Suolo e Salute srl**“ í 3. lið kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „EG-BIO-150 | Egyptaland | x | - | - | x | - | –“ |

21) Í færslunni sem varðar „**Tse-Xin Organic Certification Corporation**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „HK-BIO-174 | Hong Kong | - | - | - | x | - | - |
| ID-BIO-174 | Indónesía | x | - | - | x | - | - |
| KH-BIO-174 | Kambódía | x | - | - | x | - | - |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KR-BIO-174 | Lýðveldið Kórea | x | - | - | - | - | - |
| LA-BIO-174 | Laos | x | - | - | x | - | - |
| MM-BIO-174 | Myanmar (Mjanmar)/ Búrma | x | - | - | x | - | - |
| MY-BIO-174 | Malasía | x | - | - | x | - | - |
| PH-BIO-174 | Filippseyjar | x | - | - | x | - | - |
| SG-BIO-174 | Singapúr | - | - | - | x | - | - |
| TH-BIO-174 | Taíland | x | - | - | x | - | - |
| VN-BIO-174 | Víetnam | x | - | - | x | - | –“ |

22) Færslunni sem varðar „**Valsts SIA “Sertifikācijas un testēšanas centrs**“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað heitis eftirlitsaðilans kemur „**SIA “Sertifikācijas un testēšanas centrs**“.

b) Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi línum er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „KG-BIO-173 | Kirgistan | x | x | — | x | x | — |
| KZ-BIO-173 | Kasakstan | x | x | — | x | x | x |
| MD-BIO-173 | Moldóva | x | x | — | x | x | x |
| TJ-BIO-173 | Tadsíkistan | x | x | — | x | x | x“ |

ii. Í stað línanna sem varða Belarús (Hvíta-Rússland) og Úsbekistan kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „BY-BIO-173 | Belarús (Hvíta-Rússland) | x | x | — | x | x | x |
| UZ-BIO-173 | Úsbekistan | x | x | — | x | x | x“ |

*III. VIÐAUKI*

Í stað línunnar sem varðar Gíneu í 3. lið í færslunni sem varðar „**Agricert — Certificação de Produtos Alimentares lda**“ í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „GW-BIO-172 | Gínea Bissaú | x | — | — | x | — | —“ |